

Ár 2017, mánudaginn 15. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Óskari Bergssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Umhverfisstofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Umhverfisstofnunar er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 28. október 2015 frá forstjóra Umhverfisstofnunar. Í bréfinu er þess óskað að laun forstjórans verði endurmetin með hliðsjón af þeirri auknu ábyrgð sem fylgt hafi auknum verkefnum stofnunarinnar frá því kjör forstjórans voru síðast ákveðin á árinu 2007. Í bréfinu er gerð grein fyrir helstu breytingum á verkefnum Umhverfisstofnunar frá þeim tíma. Jafnframt er bent á að framkvæmdum á friðlýstum svæðum hafi fjölgað mjög og einnig hafi rekstrarumfang stofnunarinnar aukist á tímabilinu.

Forstjórinn nefnir í bréfi sínu í fyrsta lagi ný lög um stjórn vatnamála frá árinu 2011 þar sem Umhverfisstofnun hafi verið falið að annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar og sjá um samræmingu vinnu á sviðinu milli rannsóknarstofnana, hagsmunaaðila og ráðuneytis. Um sé að ræða umfangsmikla löggjöf sem innleiði Vatnatilskipun Evrópusambandsins (ESB). Umhverfisstofnun leiði þá vinnu, þar með talið að búa til sameiginlega vöktunaráætlun fyrir allt vatn á Íslandi, samningagerð við rannsóknarstofnanir um vöktun og önnur sértæk verkefni og gerð vatnaáætlunar fyrir allt Ísland til að tryggja gæði vatns til framtíðar.

Í öðru lagi segir í bréfinu að samkvæmt nýjum lögum um loftslagsmál hafi Umhverfisstofnun verið falið nýtt hlutverk er snúi að rekstri viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til ákveðinna iðnfyrirtækja og flugs. Um sé að ræða viðamikið hlutverk þar sem Umhverfisstofnun sé lögbært stjórnvald (competent authority) vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og landsstjórnandi (national administrator) vegna skráningarkerfis íslenska ríkisins. Þessu fylgi að stofnuninni sé ætlað að taka fjölda stjórnvaldsákvæðana á grundvelli laganna en þær snerti oft mikla fjárhagslega hagsmuni flugrekenda og rekstraraðila staðbundinnar starfsemi. Ákvarðanirnar séu þess eðlis að stofnunin sé undir tímapressu þegar komi að töku þeirra vegna þröngs tímaramma sem kveðið sé á um í reglum um viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Ástæða þess að Umhverfisstofnun hafi nauman tíma til ákvarðanatöku komi meðal annars til af því að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sé samevrópskt kerfi þar sem gert sé ráð fyrir því að tiltekna upplýsingar berist frá öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins á sama tíma og að öll fyrirtæki á svæðinu inni þær skyldur af hendi á sama tíma.

Þá segir í þriðja lagi að ný lög um umhverfisábyrgð hafi tekið gildi á árinu 2012. Lögin hafi það að markmiði að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiði í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins. Hlutverk Umhverfisstofnunar sé að meta hvort orðið eða yfirvofandi tjón sé umhverfistjón eða hvort yfirvofandi hættu sé á umhverfistjóni í skilningi laganna og hver beri ábyrgð á slíku tjóni eða hættu á tjóni. Jafnframt sé það hlutverk stofnunarinnar að sjá til þess að ábyrgðaraðili bæti slíkt tjón eða grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir tjón.

Í fjórða lagi eru í bréfinu nefnd ný efnalög frá árinu 2013 þar sem Umhverfisstofnun sé falið nýtt hlutverk í kjölfar endurskoðunar frá grunni á þáverandi eftirlits- og leyfisveitingakerfi. Markmið með lögnum hafi verið að færa eftirlit frammar í aðfangakeðjunni og tryggja öryggi efnavara á markaði. Helstu nýmæli séu þau að efnaeftirlit sé fært til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna í þeim tilgangi að gera það markvissara og tryggja yfirsýn. Þetta sé gert með því að

leggja aukna áherslu á eftirlit með efnunum og efnablöndum framfar í aðfangakeðjunni með því að hafa eftirlit með birgjum. Þá séu leyfisveitingar einfaldaðar og gerðar markvissari. Almenn eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim sé nú á einni hendi, það er hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin geri sérstaka eftirlitsáætlun byggða á áhættumati og framkvæmi hún eftirlit á grundvelli áætlunarinnar sem og í kjölfar ábendinga frá öðrum stjórnvöldum og almenningi.

Að endingu kemur fram í bréfi forstjórans að fjöldi annarra minni breytinga hafi átt sér stað á tímabilinu í þá átt að auka verkefni stofnunarinnar. Þá hafi tvö verkefni verið færð frá stofnuninni, það er rekstur Vatnajökulspjóðgarðs og dýravernd gæludýra.

Með bréfum dagsettum 1. nóvember 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Umhverfisstofnunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Umhverfisstofnunar hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun forstjórans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 8. apríl 2016. Í bréfinu segir að eins og fram komi í erindi forstjóra Umhverfisstofnunar til kjararáðs hafi verkefni stofnunarinnar aukist í tengslum við nýja löggjöf þar sem stofnuninni séu falin ný verkefni og ábyrgð. Hér sé um að ræða lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, lög um loftslagsmál nr. 70/2012, lög um umhverfisábyrgð nr. 22/2012 og efnalög nr. 8/2013. Þá segir í bréfinu að eftir að forstjórinn sendi kjararáði erindi sitt hafi ný náttúruverndarlög nr. 60/2013 verið samþykkt en þar séu stofnuninni falin ný umfangsmikil verkefni á sviði náttúruverndar og áætlanagerðar sem þeim verkefnum tengjast. Þá hafi verkefni stofnunarinnar jafnframt orðið umfangsmeiri á friðlýstum svæðum, meðal annars í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna sem komi til landsins. Að endingu segir í bréfinu að ráðuneytið styðji þau sjónarmið sem fram komi í erindi forstjóra Umhverfisstofnunar og óskar ráðuneytið eftir því að kjararáð endurmeti launakjör forstjórans með hliðsjón af framansögðu.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 2016 fékk forstjóri Umhverfisstofnunar send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Í bréfi forstjórans dagsettu 3. maí 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

III.

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun með síðari breytingum en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga og reglugerða. Með nefndum lögum var sameinuð starfsemi þeirra stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem fóru með mengunarvarnir, hollustuhætti, náttúruvernd, dýravernd og stjórn á stofnstærð villtra dýra. Fjallað er um hlutverk og verkefni Umhverfisstofnunar í fjölmörgum lagabálkum. Sem dæmi má nefna að stofnuninni er falin framkvæmd laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, efnalaga nr. 61/2013, laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Jafnframt er fjallað um verkefni stofnunarinnar í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá má einnig nefna að stofnunin hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 33/2001 um varnir gegn mengun hafs og stranda og laga nr. 17/2000 um framkvæmd sammings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Einnig er kveðið á um verkefni Umhverfisstofnunar í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Helstu verkefni Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum eru eftirlit og leyfisveitingar, umsjón og rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarðs, samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála, söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál, umsjón með umhverfisluta sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, gerð reglugerða og leiðbeininga til opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga og fyrirtækja. Einnig veitir stofnunin umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum og skipulags sem og vegna kærumála.

Umhverfisstofnun hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Stofnuninni er skipt í fagsvið og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn og skal einn þeirra gegna starfi staðgengils forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk stofnunarinnar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Umhverfisstofnunar laun 19. júní 2007. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er gerð grein fyrir starfsemi og lagaumhverfi Umhverfisstofnunar og því hvernig starfsemi stofnunarinnar hefur þróast og verkefnum hennar fjölgað. Með vísan til þessa og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Umhverfisstofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Umhverfisstofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Umhverfisstofnunar gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Óskar Bergsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber